

Orkustofnun
Grensásvegi 9
108 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 8. júlí 2015
UST201506-188/B.S.
10.05.05

Efni: Umsókn um rannsóknarleyfi - Stóra Sandvík. Umsögn

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 22. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn.


Sótt er um leyfi til rannsókna í landi Kalmannstjarna og Junkaragerðis, en svæðið kallast í heild Stóra Sandvík. Tilgangur rannsóknarinnar er að meta umfang jarðhita á svæðinu, möguleika til nýtingar þess og hugsanlega tengingu við jarðhitakerfið sem Reykjanesvirkjun nýtir nú.


Á fyrrihluta rannsóknatímans verður um ýmsar yfirborðsrannsóknir að ræða auk þess sem boraðar verða grunnar holur til að kanna grunnvatnslínu. Gert er ráð fyrir að umferð tækja verði um slóða sem fyrir eru á svæðinu.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við þennan hluta rannsókna.

Á síðari stigum gæti komið til háhitaborana sem fela í sér að gera þarf einn eða fleiri borteiga sem eru milli 3.500 m² og 5.000 m² að flatarmáli. Slíkar rannsóknarboranir ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar og mun Umhverfisstofnun gefa umsögn um þennan þátt rannsókna ef af verður.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri

